

SAGA TÍSKUNNAR

20. öldin var öld tískunnar. Tískan er orðin fjöldafyrirbæri sem enginn í iðnríkjunum getur forðast. Mikilvægustu umbyltingar tískunnar verða til þ.e.a.s. buxur fyrir konur, afneitun lífstykkisins, stuttu pilsin og íþróttafatnaður¹.

1900–1920

Í byrjun aldarinnar fær kvenfatnaður meira notagildi. Tískan nálgast líkamann óðum og losaði sig brátt við lífstykkinn og rasspúðana². Tískan var nú látlausari en áður en varð sífellt stífari. Fötin sem konur notuðu heima urðu mýkri og íburðarmeiri en þau fót sem þær gengu í úti og á kvöldin. Konur voru í stífum jökkum hversdagslega og undir stífum jakkanum voru þær í blúnduskyrtu eða með standkraga. Á kvöldin var tískan skrautmikil og var þá leyfilegt að vera með flegið hálsmál. Kvöldkjólarnir voru þröngir og síðir og enduðu yfirleitt í slóða³.

Á árunum rétt fyrir stríð og á stríðsárunum urðu kjólar og pils þröngri og styttri og sýndu nú ökklang og hluta kálfanna. Á stríðsárunum varð tískan hófsamari og fábreyttari ekki einungis vegna skorts eða kreppu heldur vildi fólk sýna fram á þjóðernisvitund sína með því að monta sig ekki á dýrum fatnaði⁴.



1920–1930

Allar breytingar sem urðu á hag fólks í fyrri heimstyrjöldinni höfðu mikil áhrif á tískuna. Hin nýja útlína var látlaus og án þvingana. Pilsin urðu styttri og styttri, þangað til aðeins hnén voru hulin og kjólarnir beinir og sýndu hvorki mitti, mjaðmir né brjóst. „Kynlaust“ útlit var í tísku þar sem konan var orðin hálf drengjaleg⁵. Kvöldkjólarnir voru ermalausir og flegnir og sem höfuðskraut báru konur mikið skreytt ennisbönd eða túrbana. Við kvöldkjólana var oft notaður mikið skreyttur blævængur. Nú þótti í lagi að konur notuðu andlitsfarða en í mjög miklu hófi, rauðar kirsuberjavarir og dökkar rendur um augun voru í tísku⁶.



1930–1950

Í byrjun fjórða áratugarins varð stíllinn kvenlegri þar sem kvenlegar líkamslínur fengu að njóta sín. Útlínurnar teygðust á lengdina og urðu glæsilegri en áður. Konur áttu að vera háar og grannar. Kjólarnir féllu að líkamanum og flutu um hann. Hárið var síðara og andlitið var mál að í mildum litum til að gera það náttúrulegra en áður.



Árin í kringum seinni heimstyrjöldina höfðu mikil áhrif á tískuna. Skortur á efnum hafði þær afleiðingar að daglegur klæðnaður kvenna varð styttri, þrengri og strangari. Konur lærðu að bjarga sér með sínu eigin ímyndunarafla og viðhorf þeirra var að nýta efni og klæði sem best. Dragtir voru á þessum tíma mjög vinsælar því hægt var að nota þær við flest tækifæri⁷.

1950–1960

Á sjötta áratugnum urðu pilsin aftur kálfasíð og voru annaðhvort við eða niðþröng. Efri hlutinn var aðþröngur og mittið var sérstaklega áberandi. Áhersla var á brjóst, mitti og mjaðmir. Hin æskilegu form voru ekki talin sjálfsgöð heldur mótuð með hjálp lífstykkja og púða. Hárið var klippt stutt og féll í mjúkum bylgjum, viðeigandi hanskar tilheyrðu, einnig hattar, skór og handtöskur. Hattarnir gátu verið litlir og hóflegir eða fyrirferðamiklir, flatir og áberandi. Skórnir voru þröngir með breiðum hæl⁸.

Konur urðu að eiga dragt til að vera í hversdags. Á kvöldin voru kjólarnir með víðum pilsnum, flegnu háls máli og bert um axlirnar. Gerviefnaðnaðurinn blómstraði og konur vildu kjóla úr perloni og karlmenn skyrtur úr næloni þrátt fyrir að þeir svitnuðu rosalega í þeim⁹.



1960–1970

Gallabuxurnar voru upphaflega búnar til eftir hugmynd Levi Strauss á 19. öld sem niðsterkar vinnubuxur. Á sjöunda áratugnum verða þær síðan buxur fyrir „alla“¹⁰.

Um miðjan sjöunda áratuginn tók hippatískan völdin hjá ungu kynslóðinni. Ungu fólkið klæddist fötum andstætt tískuvenjum og var í ósamstæðum, tötralegum og óvönduðum fatnaði. Hippahreyfingin breiddist út til Evrópu (frá Ameríku) og fatnaðurinn einnig. Brátt varð hippafatnaðurinn að söluvöru og það sem upphaflega átti að vera ádeila á tískuna varð að alþjóðlegri tísku¹¹.



1970–1980

Áttundi áratugurinn hafði enga sérstaka stíltegund. Tískan sýndi greinileg áhrif frístundatískunnar. Gallabuxur voru vinsælar og notaðar við öll tækifæri. Nánast engar fastbundnar reglur voru um klæðaburð og lífstíll fólks virtist mótandi fyrir tiskuna¹².



1980–1990

Eróbikk var tiskuíþrótt og mótaði það sína eigin tiskulínu. Allir þurftu að eiga litsterka samfestinga, leggings (níðþröngar buxur), litrík ennisbönd, ökklahlífar og sérstaka skó. Þrátt fyrir að fólk stundaði engar íþróttir klæddist það slíkum fatnaði. Söngkonan Madonna varð nokkurs konar átrúnaðargoð þessa áratugar og átti hún mikinn þátt í því að þessi sportlegu atriði urðu mikilvæg í tiskunni¹³.



Annars vegar var sportleg tíska og hins vegar „viðskipta“ tíska (business tíska). Viðskipta tiskan einkenndist af því að konur reyndu að koma til móts við karlmannaföt með því að klæðast kynlausum fatnaði. Síðir víðir jakkar með stórum axlapúðum og stutt, þröng pils eða kálfasíð, felld pils og einfaldir glæsilegir skór. Efnin voru mjúk og vönduð og litirnir sterkir¹⁴.

1990–2000

Þegar nálgast fer 21. öldina er tiskan orðið mun fjölbreyttari og ekki lengur hægt að tala um eina tiskustefnu. Notendur þurfa að ákveða sjálfir hvaða stefna þeim fellur vel og hvað þeim finnst vera í tísku og hvað ekki. Stöðugar breytingar og leitin að einhverju nýstárlegu er allsráðandi. Póstmódernísk stefna (gamalt og nýtt í bland) hefur náð festu í tiskuheiminum¹⁵.

Tiskustefnan þróaðist í átt að „anti“ tísku eða afneitun á tiskunni og frjálst útlit þar sem bolir, gallabuxur, hettupeysur og strigaskór urðu að tiskustefnu¹⁶.

Tónlistarstefnan „grunge“ og rokktónlist níunda áratugarins hafði mikil áhrif á tísku ungmenna. Tískan var almennt minimalísk og hélt áfram að vera það fram á 21. öldina¹⁷.



2000–2010

Í byrjun aldarinnar heldur áfram að vera blönduð tíska, eða póstmóðernísk eins og áður. Þar sem tískustefnan blandast frá mismunandi tímabilum og allstaðar að úr heiminum. Þjóðernistíska eða „ethnic clothing“ ásamt óteljandi tónlistarstefnuáhrifum, sérstaklega indírokki. Það gætir hins vegar lítilla breytinga frá fyrra áratug þar sem tískan heldur áfram að vera minimalísk meðal ungs fólks af báðum kynjum¹⁸.

Sá fatnaður sem ber einna helst af sem tískufyrirbrigði þessa áratugar er Ugg-stígvél, háir strigaskór, hettupeysur og þröngar gallabuxur eða „skinny jeans“¹⁹.

Með tilkomu internetsins og aukinnar hnattvæðingar varð vesturlandatískan fyrir áhrifum frá miðausturlöndum og Asíu. Þar að auki varð vinsælla að kaupa umhverfisvænan fatnað, endurnýting og gerviskinn urðu þar með hluti af tískustefnu þessa áratugar²⁰.

Áttu þér uppáhaldstímabil í sögu tískunnar? Hvaða tímabil er það og af hverju?

Það er að finna ógrynni af upplýsingum um tískustefnur 20. aldarinnar og fram til dagsins í dag á netinu. Notaðu leitarorð eins og fashion history, fashion now o.fl. Þá færðu bæði upplýsingar um fortíð, nútíð og hugsanlega framtíð í tískustefnum heims.

Einnig er hægt að finna á bókasöfnum bækurnar *Tíska* eftir Gertrude Lehnert í þýðingu Fríðar Ólafsdóttur frá árinu 2000 og *Tíska aldanna : fatnaður og textíll – byggingar, húsgögn og myndlist* eftir Ásdísi Jóelsdóttur frá árinu 2005.



Heimildir: 1. Lehnert, Gertrud, 2000, bls.116 2. Lehnert, bls.117 3. Lehnert, bls.124 4. Lehnert, bls.125 5. Lehnert, bls.129 6. Lehnert, bls.132–133 7. Lehnert, bls.142–145.8. Lehnert, bls.149 9. Lehnert, bls.150 10. Lehnert, bls.154 11. Lehnert, bls.160 12. Lehnert, bls.161–162 13. Lehnert, bls.167 14. Lehnert, bls.170 15. Lehnert, bls.173–174. 16–17. http://en.wikipedia.org/wiki/1990s_in_fashion 18–20. http://en.wikipedia.org/wiki/2000s_in_fashion
Myndir: 1–12. Keyptar myndir af www.shutterstock.com 13. Alya Nazha, ljósmyndari: Andreia Martins.